

Afreksstefna Hnefaleikasambands Íslands
2026 - 2028

1. Inngangur

Afreksstefna Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ) skilgreinir markmið, áherslur og meginreglur afreksstarfs sambandsins fyrir tímabilið 2026–2028.

HNÍ er verkefnasérsamband og byggir afreksstarf sitt á markvissri og stigvaxandi uppbyggingu. Starfið er skipulagt í gegnum skilgreind landsliðs- og þróunarverkefni sem styðja við hæfileikamótun, alþjóðlega þátttöku og faglegt bakland keppenda og þjálfara.

Stefnan tekur mið af Afreksstefnu ÍSÍ og uppfyllir viðmið Afrekssjóðs ÍSÍ. Hún setur ramma um ákvarðanatöku, verkefnaval og árangursmat í afreksstarfi HNÍ.

Markmið skjalsins er tvíþætt:

- Að uppfylla formleg skilyrði styrkumsókna og samræmast kröfum Afrekssjóðs.
- Að vera raunverulegt stjórn- og stefnuplagg fyrir stjórn HNÍ og landsliðsnefnd, sem leiðarljós við mótun árlegrar verkefna- og fjárhagsáætlunar.

Stefnan gildir í tvö ár og er endurskoðuð árlega í tengslum við mat á árangri og forgangsröðun verkefna.

2. Stöðumynd og samkeppnisumhverfi

Hnefaleikar á Íslandi eru enn í uppbyggingarfasa miðað við rótgrónari Norðurlandaþjóðir þar sem lengri hefð, stærri iðkendahópur og meiri alþjóðleg reynsla skapa breiðari afreksgrunn. Á síðustu árum hefur fjöldi iðkenda aukist og diplómakeppni myndað mikilvægan grunn fyrir yngri aldursflokka. Þessi þróun er jákvæð en kallar jafnframt á markvissa framhaldsuppbyggingu ef ná á samkeppnishæfni á alþjóðavettvangi.

Alþjóðleg samkeppni í hnefaleikum er hörð og einkennist af mikilli breidd og gæðum. Þjóðir sem Ísland ber sig helst saman við hafa yfir að ráða stærri keppendahópi og reglulegri þátttöku í sterkum mótum. Fyrir HNÍ þýðir þetta að árangur byggist ekki á magni heldur skipulagi, gæðum undirbúnings og skýru forgangsvali verkefna.

Helstu áskoranir HNÍ á tímabilinu 2026–2028 eru:

- takmörkuð alþjóðleg keppnisreynsla íslenskra keppenda
- smæð keppendahóps í einstökum þyngdarflokkum, sem takmarkar innlenda samkeppni
- fjárhagslegt svigrúm til reglulegrar þátttöku í sterkum og kostnaðarsömum mótum

Smæð íslensks íþróttasamfélags kallar á agaða verkefnastýringu og faglega ákvarðanatöku. Afreksstefna 2026–2028 miðar að því að mæta þessum áskorunum með markvissri forgangsröðun, styrkingu landsliðsnefndar og skýru árangursmati.

3. Stefnumótandi áherslur 2026–2028

Áherslur tímabilsins byggja á þeirri sýn að árangur komi ekki til af tilviljun heldur skipulögðu starfi. Þar sem HNÍ er verkefnasérsamband þarf afreksstarf að byggja á skýru forgangsvali: valin eru þau verkefni sem hafa mest þróunargildi fyrir keppendur og styðja við markmið og forgangröðun HNÍ, innan þess ramma sem fjárhagur og aðstæður leyfa.

Á tímabilinu 2026–2028 leggur HNÍ áherslu á að færa afreksstarf frá tækifærismiðaðri þátttöku yfir í markvissa verkefnastýringu með skýrri ábyrgðarskiptingu, reglulegri rýni og árlegu endurmati. Verkefnaval, valferlar, undirbúningur og árangursmat eru hluti af einu samræmdu ferli.

HNÍ mun því leggja áherslu á:

- Að festa landsliðsnefnd í sessi sem faglegt stjórnunarafl með skýrri verkaskiptingu og ábyrgð á verkefnavali og árangursmati.
- Að auka gæði verkefnavals fremur en magn verkefna, þar sem forgangsraðað er mótum sem styðja raunhæfa þróun og framfarir keppenda.
- Að tryggja að alþjóðleg þátttaka sé hluti af skipulagðri þróunarleið en ekki stök ákvörðun hverju sinni.
- Að skilgreina skýrar kröfur og væntingar til þátttakenda og þjálfara í landsliðsverkefnum.
- Tryggja að árangur sé metinn og lærdómur nýttur í áframhaldandi ákvarðanatökua.

Markmiðið er að skapa stöðugt og fyrirsjáanlegt umhverfi þar sem keppendur og þjálfarar vita að hverju er stefnt, hvernig val fer fram og hvaða meginreglur gilda í afreksstarfi HNÍ.

4. Þróunarleið keppenda

Skipulögð og stigvaxandi þróun keppenda er forsenda þess að lítið íþróttasamfélag geti staðið sig í alþjóðlegri samkeppni. Í hnefaleikum er sérstaklega mikilvægt að keppendur öðlist stigvaxandi reynslu. Þróunin þarf að hefjast í öruggu og uppbyggjandi þjálfunarumhverfi og þróast áfram yfir í sífellt krefjandi keppni sem styrkir taktíska færni, andlegt þol og keppnisþroska.

HNÍ notar þróunarleið sem sameiginlegan ramma fyrir keppendur, þjálfara og landsliðsnefnd. Þróunarleiðin:

- setur raunhæfar væntingar á hverju stigi,
- styður við faglegt og rökstutt verkefnaval,
- og tryggir að landsliðsverkefni séu hluti af lengri uppbyggingu en ekki einstök eða tilfallandi ákvörðun.

Þróunarleið HNÍ byggir á eftirfarandi stigum:

- **Diplóma (12–14 ára)** – tæknileg undirstaða, aga- og keppnisþroski í öruggu og uppbyggjandi umhverfi.
- **Junior/Youth (15–18 ára)** – aukin samkeppni og meiri kröfur um undirbúning, taktíska færni og sjálfstæði í þjálfun.
- **Hæfileikamótunarverkefni** – valdir keppendur með skýra þróun og möguleika á frekari uppbyggingu með alþjóðlegri reynslu.
- **B-verkefni** – alþjóðleg þróunarverkefni þar sem markmið er að byggja upp reynslu gegn sterkari andstæðingum og meta raunhæfa stöðu keppenda.
- **A-verkefni** – sterk alþjóðleg mót fyrir fremstu keppendur þar sem markmið er samkeppnishæfur árangur.

Kröfur aukast með hverju stigi og val byggir á frammistöðu, vinnusemi og faglegu mati landsliðsnefndar í samræmi við stefnu HNÍ um stigvaxandi uppbyggingu.

5. Hæfileikamótun

Hæfileikamótun er grundvöllur markvissrar uppbyggingar í afreksstarfi HNÍ. Markmiðið er að styðja við þróun keppenda sem sýna framfarir og möguleika á næsta þróunarskrefi.

Hæfileikamótun skal vera skýr og sanngjörn þróunarleið þar sem ábyrgð og hlutverk eru skilgreind. Aðildarfélög bera meginábyrgð á daglegri þjálfun og tæknilegri uppbyggingu keppenda, á meðan HNÍ styður við með samræmingu, verkefnum og tækifærum sem styðja við áframhaldandi þróun keppenda í samræmi við þróunarleið HNÍ. Val í verkefni fer fram á gagnsæjum og faglegum grunni í samræmi við stefnu HNÍ um stigvaxandi þróun.

Áherslur hæfileikamótunar eru:

- að efla tæknilega og taktíska færni í takt við þróunarstig keppenda,
- að tryggja skipulega keppnisreynslu sem styður við mat á framfarastigi,
- að veita alþjóðlega reynslu á viðeigandi þróunarmótum þar sem keppendur fá tækifæri til að mæta auknum kröfum og styrkleika andstæðinga,
- að byggja ákvarðanir um verkefnaval á faglegu mati á framfarastigi og þróunarmöguleikum.

Hæfileikamótun er hluti af stigvaxandi uppbyggingu HNÍ og undirbýr keppendur fyrir þátttöku í B- og síðar A-verkefnum.

6. Landsliðs- og afreksverkefni

Landsliðsstarf er kjarninn í afreksuppbyggingu HNÍ og mikilvægur þáttur í framkvæmd afreksstefnu HNÍ. Landsliðsverkefni skulu byggja á faglegu mati, skýrum viðmiðum og samræmi við þróunarleið HNÍ.

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd er faglegt stjórnunar- og ráðgjafahlutverk í afreksstarfi HNÍ. Hún er skipuð þjálfurum með reynslu af keppnisþjálfun og starfar samkvæmt erindisbréfi samþykktu af stjórn HNÍ.

Hlutverk landsliðsnefndar er að:

- leggja faglegt mat á verkefnaval og þátttöku keppenda,
- tryggja að landsliðsstarf sé í samræmi við þróunarleið og stefnu HNÍ,
- meta árangur og leggja til úrbætur þegar við á.

Faglegt mat nefndarinnar er grundvöllur landsliðsvals og forgangsröðunar verkefna.

Verkefnaval og sjálfbærni

Landsliðsverkefni skulu valin með hliðsjón af:

- styrkleika og eðli móts,
- þróunarstigi keppenda,
- heildarmarkmiðum tímabilsins,
- og fjárhagslegum forsendum sambandsins.

Ekki er markmið að taka þátt í sem flestum mótum, heldur þeim sem styðja best við stigvaxandi uppbyggingu og skýra forgangsröðun.

Landsliðsstarf skal byggja á sjálfbærni og ábyrgri ákvarðanatöku, þar sem verkefni eru metin í samhengi við langtímauppbyggingu HNÍ.

7. Skilgreining á afreki

Í verkefnasérsambandi eins og HNÍ felst afrek ekki eingöngu í verðlaunum. Afrek felst einnig í því að keppendur sýni skýrar framfarir og standist kröfur sterkari móta og andstæðinga.

HNÍ skilgreinir því afrek út frá þremur meginþáttum:
samkeppnisárangri, framfarastigi og stöðu keppanda innan þróunarleiðar sambandsins.

7.1 Afrek – samkeppnisárangur

Afrek getur falist í því að keppandi:

- nær árangri á sterkum alþjóðlegum mótum þar sem þátttaka og gæði andstæðinga eru metin sem krefjandi,
- nær árangri á Norðurlandamóti eða sambærilegum mótum,
- tekur þátt í Evrópu- eða heimsmeistaramóti og sýnir frammistöðu sem staðfestir að viðkomandi standist kröfur slíks móts,
- staðfestir stöðu sína sem þátttakandi í A-verkefnum HNÍ.

Mat á styrkleika móta og vægi árangurs byggir á faglegu mati landsliðsnefndar.

7.2 Afrek – framfarir og þróun

Afrek getur einnig falist í því að keppandi:

- sýni stöðugar og mælanlegar framfarir milli tímabila,
- færist upp um stig í þróunarleið HNÍ,
- standist auknar kröfur í sterkari verkefnum,
- sýni stöðugleika og ábyrgð í landsliðsverkefnum.

Þessi skilgreining endurspeglar að HNÍ er í stigvaxandi uppbyggingu þar sem þróun og framfarir eru hluti af afreksmati.

7.3 Afreksefni

Afreksefni eru keppendur sem hafa ekki enn náð fullum afreksárangri samkvæmt 7.1, en:

- sýna skýra þróun og möguleika á frekari uppbyggingu,
- hafa náð árangri sem réttlætir þátttöku í þróunar- eða B-verkefnum,
- eru metnir af landsliðsnefnd sem raunhæfir þátttakendur í næsta þróunarskrefi.

7.4 Mat og rýni

Landsliðsnefnd metur árlega hvaða árangur telst afrek á hverju tímabili með hliðsjón af:

- styrkleika móta og andstæðinga,
- þróunarstigi keppenda,
- markmiðum tímabilsins,
- og heildarstefnu HNÍ um stigvaxandi uppbyggingu.

Mat er hluti af reglulegri rýni á afreksstarfi og hefur áhrif á forgangsröðun og verkefnaval næsta tímabils.

8. Árangursviðmið og árlegt mat

Árangur í afreksstarfi HNÍ er ekki einungis mældur í niðurstöðum heldur metinn í samhengi við markmið, þróunarstig og heildarstefnu sambandsins. Mat á árangri er hluti af ábyrgri og sjálfbærri stjórnun afreksstarfs.

Árlegt mat á árangri er hluti af áframhaldandi þróun afreksstefnu og verkefnaáætlunar. Niðurstöður eru rýndar af landsliðsnefnd og stjórn HNÍ með það að markmiði að:

- greina styrkleika og veikleika í undirbúningi og framkvæmd,
- meta hvort verkefnaval og forgangsröðun hafi stutt við markmið tímabilsins,
- nýta lærdóm til að bæta skipulag og stefnumótun næsta tímabils.

Árangursmat er þannig hluti af heildarferli þar sem stefna, framkvæmd og endurmat mynda samfellda feril þar sem stefna og framkvæmd eru endurmetin reglulega.

9. Þjálfarar og dómarar

Faglegt bakland er ein af grunnforsendum árangurs í afreksstarfi HNÍ. Gæði þjálfunar og fagleg og samræmd dómaraumgjörð hafa bein áhrif á þróun keppenda, öryggi og trúverðugleika íþróttarinnar innanlands og á alþjóðavettvangi.

HNÍ leggur áherslu á að:

- þjálfaramenntun og réttindi séu í samræmi við kröfur ÍSÍ og viðeigandi alþjóðlegra sambanda,
- þjálfarar sem starfa í landsliðsverkefnum búi yfir reynslu og þekkingu sem samræmist kröfum slíkra verkefna,
- dómarakerfi innanlands sé faglegt, samræmt og í takt við alþjóðleg viðmið,
- skapa skýra og faglega þróunarleið fyrir þjálfara og dómara sem stefna að aukinni ábyrgð eða alþjóðlegri þátttöku.

Meginreglur um menntun, réttindi og þróun mannauðs eru hluti af heildaruppbyggingu afreksstarfs HNÍ.

10. Heilbrigðisteymi

Öryggi og velferð keppenda er grundvallarþáttur í afreksstarfi HNÍ. Afreksuppbygging skal ávallt byggja á ábyrgri umgjörð þar sem heilbrigði, forvarnir og faglegt mat eru hluti af heildarferlinu.

HNÍ tryggir að skilgreint heilbrigðisteymi sé til staðar í tengslum við landsliðs- og afreksverkefni, annað hvort með eigin aðkomu eða í samstarfi við ÍSÍ og/eða viðurkennda heilbrigðisaðila.

Heilbrigðisumgjörð skal styðja við:

- öryggi og heilsuvernd keppenda,
- faglegt mat á þátttöku og álagi,
- og ábyrg viðbrögð við meiðslum eða öðrum heilsutengdum þáttum.

11. Aðgerðaráætlun og fjármögnun

Framkvæmd afreksstefnu HNÍ byggir á árlegri verkefna- og fjárhagsáætlun sem mótuð er innan ramma þessarar stefnu.

Aðgerðaráætlun skilgreinir nánari útfærslu landsliðs- og þróunarverkefna hverju sinni og tekur mið af fjárhagslegum forsendum, forgangsröðun og markmiðum tímabilsins. Ábyrgð á mótun og framkvæmd aðgerðaráætlunar liggur hjá stjórn HNÍ í samráði við landsliðsnefnd.

Afreksstefna þessi er samþykkt á ársþingi og markar heildarramma afreksstarfs til tveggja ára. Aðgerðaráætlun er framkvæmdartæki innan þess ramma og er endurskoðuð eftir þörfum í tengslum við árlegt árangursmat og fjárhagsáætlun.

Samþykkt á ársþingi Hnefaleikasambandins Ísland [dagsetning]